

Verklagsreglur vegna umsóknar og útgáfu stæðiskorts.

- Umsókn um stæðiskort skal afhenda sýslumanni í því umdæmi sem umsækjandi býr.
- Umsóknin skal rituð á eyðblað sem er aðgengilegt á heimasíðunni sýslumenn.is.
- Umsækjandi verður sjálfur að mæta til sýslumanns til staðfestingar á því hver hann er og undirrita stæðisvottorðið.
- Gögn varðandi umsókn um stæðiskort:
 - Ljósmynd af umsækjanda (passamynd)
 - Læknisvottorð sem berst rafrænt frá lækni
- Umsækjandi skrifar undir stæðiskortið. Í þeim tilvikum sem hönd umsækjanda er ónothæf eða umsækjandi er sjónskertur undirrita hann ekki stæðiskortið. Í þessum tilvikum skal skrjá upplýsingar þessar á umsóknina.
- Gildistími stæðiskorts:
 - Batahorfur góðar:
 - Tímabundið í 6 mánuði.
 - Óvissa um batahorfur:
 - Tímabundið í 12 mánuði, 18 mánuði, 24 mánuði, 30 mánuði eða 36 mánuði.
 - Varanleg fötlun:
 - Tímabundið í 10 ár.
 - Eldri borgarar:
 - 70 til 74 ára
 - Batahorfur góðar:
 - tímabundið í 6 mánuði
 - Óvissa um batahorfur eða varanleg fötlun:
 - tímabundið í 5 ár
 - 75 til 79 ára
 - Batahorfur góðar:
 - tímabundið í 6 mánuði
 - Óvissa um batahorfur eða varanleg fötlun:
 - tímabundið í 3 ár
 - 80 til 83 tímabundið í 2 ár
 - Batahorfur góðar:
 - tímabundið í 6 mánuði
 - Óvissa um batahorfur eða varanleg fötlun:
 - tímabundið í 2 ár
 - 84 og eldri tímabundið í 1 ár.
 - Batahorfur góðar:
 - tímabundið í 6 mánuði

a. tímabundið í 1 ár

Verklagsreglur voru gefnar út af Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu í samráði við landlæknisembættið á grundvelli 5. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 1130/2016 þann 23. desember 2019 og tóku gildi 1. janúar 2020. Breyting sú er nú er gerð varðar 75 ára og eldri og tekur gildi 17. febrúar 2020.

Kópavogur 17. febrúar 2020



Þórólfur Halldórsson

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu